

Nd. **412. Frumvarp til laga** [242. mál]

um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum oliuverðhækkana.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, skal á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febrúar 1975 leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt taka til og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds svo og um aðra framkvæmd. Gjald þetta kemur í stað hálfvísu viðlagagjalds sbr. 1) lið 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, og skal á sama hátt ekki valda hækkun kaupgreiðsluvísitölu.

2. gr.

Tekjum af gjaldi þessu verður ráðstafað samkvæmt sérstökum lögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna hinnar gifurlegu hækkunar á olíuverði er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að létta byrðina á þeim hluta landsmanna, sem búa við olíukyndingu. Þess vegna er lagt til með þessu frumvarpi að framlengja um eitt ár annað prósentustig viðlagagjalds. Skal tekjum af gjaldi þessu ráðstafað til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, en þær eru áætlaðar um 700 millj. kr. á ársgrundvelli.

Vegna verðhækkunarinnar á olíu, hefur aðstöðumunur landsmanna vaxið mjög eftir því, hvort þeir búa við olíukyndingu eða hitaveitu. Áætlað hefur verið, að kyndingarkostnaður með olíu hafi verið um 50% meiri á meðalíbúð árið 1972 heldur en hitaveitukostnaður. Nú stefnir hins vegar að því, að olíukyndingin verði þrefalt dýrari heldur en hitaveitukostnaðurinn.

Í árslok 1973 bjuggu um 109 þús. manns í sveitarfélögum, þar sem íbúðarhús eru að einhverju leyti hituð upp frá hitaveitu. Er þá Kópavogur meðtalinn, þótt enn sé aðeins lítill hluti húsa þar tengdur hitaveitu. Að öðru leyti er aðallega um að ræða fjóra staði á Norðurlandi, Sauðárkrók, Ólafsfjörð, Húsavík og Dalvík, og á Suðurlandi kaptúnin Selfoss og Hveragerði, auk Reykjavíkur og Seltjarnarness. Áætlað er, að á þessum stöðum búi um 97 þús. manns í íbúðum, sem tengdar eru hitaveitu, en 12—13 þús. manns búa þar enn við aðra hitagjafa, aðallega olíukyndingu. Nú eru ákveðnar framkvæmdir á vegum Hitaveitu Reykjavíkur, sem munu tengja Kópavog, Hafnarfjörð og Garðahrepp hitaveitu á næstu þremur árunum, auk þess sem áform eru uppi um hitaveitu á Suðurnesjum. Af þeim nálægt 116 þús. íbúum landsins, sem ekki hafa hitaveitu, er áætlað að um 14 þús. búi við rafhitun og um 102 þús. (48%) við olíuhitun.

Hér fer á eftir lausleg áætlun um skiptingu íbúafjölda eftir hitagjafa í árslok 1973 og um heildarkostnað við kyndingu íbúða á árunum 1973 og 1974:

	Núverandi hitaveitusvæði	Aðrir staðir	Samtals	Áætlaður heild- arkyndingar- kostnaður íbúða	
				1973	1974
Hitaveita	97 000	—	97 000	350 m.kr.	440 m.kr.
Rafhitun frá rafveitum	(1 000)	12 000	13 000	120 —	145 —
Rafhitun frá einka- rafstöðvum	—	1 000	1 000		
Oliukynding	11 000	91 000	102 000	620 —	1 350 —
Samtals	109 000	104 000	213 000	1 090 m.kr.	1 935 m.kr.

Frumvarp þetta er lagt fram samtímis frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 4 frá 7. febrúar 1973 um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, en bæði frumvörpin þurfa að afgreiðast fyrir 1. mars 1974. Frumvarp um ráðstöfun á tekjum af því gjaldi, sem þetta frumvarp fjallar um, verður lagt fyrir Alþingi innan skamms.